

Sighvatur Bjarnason

Fyrir. bankastjóri
F. 25. jan. 1859—D. 30. ág. 1929

Um fótíferðatíma í gærmorgun fóru að koma upp flögg í hálfri stöng hér um þeinn. Er fram á morguninn kom var auðséð, að andlát hafði borist að höndum, er snerti marga bæjarbúa. Fánar voru upp dregnar á opinberum byggingum, svo sem stjórnarráðinu o. fl.

Sighvatur Bjarnason fyrverandi bankastjóri var dáinn.

Í fyrradag bar ekki á því, að hann kengi sér meins. Gakk hann um útvið og hafði tal af mörgum mönnum, eins og hann átti vanda til — því margir áttu jaðnan við hann erindi, enda þótt hann hefði látið af mörgum þeim störfum, er hann gegndi meðan heilsa og kraifar voru óskertir. Í fyrrakveld mun hann hafa hugsað sér fyrir næstadas-verki.

En hinn langi vinnudagur hans var á enda. Hann dó í svefni snemma í gærmorgun.

Æfisaða Sighvats Bjarnasonar er lesendum þessa blaðs kunn í öllum aðalatriðum — einkum þeim, er alíð hafa áldur sinn hér í bænum. Í Reykjavík var hann fæddur þann 25. janúar 1859, og Reykjavík var verustaður hans alla ævi; í Reykjavík var hann sin bernsku og uppvaxtarár, kom fátækur 15 ára á landshöfðingjaskrifstofuna og fékk þá þegar traust samverkamanna sinna, er ætíð fylgdi hon um síðan.

Er Landsbankinn var stofnaður 1886, varð hann bankabókari þar. Hafði hann það starf á hendi unz

Íslandsbanki var stofnaður 1904. Bankastjóri var hann í Íslandsbanka þangað til 1921, að hann veiktist mjög þungt, og töldu læknar, að hann þyldi eigi þá áreynslu, að taka við bankastjórnarstarfinu aftur.

Um það leyti, sem Íslandsbanki var stofnaður, hófst sem kunnugt er, nýtt tímabil í sögu atvinnuvega vorra. Voru miklar vonir við þá bankastofn un tengdar meðal þeirra manna, er höfðu trú á því, að atvinnuvegir voru væru þess megnugir að ávaxta fengid fé, og það væri þjóð vorri til góðs, að hún fengi rekstursfé milli handa.

Að Sighvatur Bjarnason var til þess kjörinn að vera bankastjóri í hinum nýja banka, sýnir bezt, hve mikið traust var til hans borist, og í hve miklum metum hann var.

Í þau 16 ár, sem hann vann í þeim banka, er óhætt að fullyrða, að á hans herðum hafi legið mest af því daglega erfiði, er þurfti til þess að annast stjórn bankans. Enda afkastaði hann á þeim árum margfalt meiri vinnu en almennt gerist.

Því bankastjórnin var ekki það einasta, sem hann hafði með höndum. Eins og til hans var leitað, til þess að annast stjórn hins nýja banka 1904, eins var og á hann kallað til ótal starfa annara. Hann var og í bæjarstjórn, í niðurförumarmenn, og í stjórn fjölmargra félaga, er of langt yrði hér upp að telja, meðal annars hjúkrunarfél. Líkn, Styrktar- og sjúkrahús fél. verzlunarmanna, í stjórn heilsuhælisfélagsins, er gekst fyrir stofnun Vífilstaðahælisins, í stjórn Ekknasjóðs Reykjavíkur o. fl. o. fl.

Hann var einn af fimm stofndum Oddfellowreglunnar hér árið 1897, ásamt Birni Jónssyni ritstjóra.

Var Oddfellowreglan honum mjög kaer, og öll þau störf, er hún hefir unnið til almenningsheilla.

Hér verður eigi reynt að koma tölu á öll þau mörgu félög og stofnanir, er hann hafði afskipti af og helgaði krafa sína. En það er sennilegt að enginn maður hefrendur hafi samtímis starfað í þeim mörgum og margvislegum félögum eins og Sighvatur heitinn.

Hér hefir aðallega verið minnst á þau félög, er starfa sem líknar- og gögberðafélög. Var slík starfsemi öll honum mjög hjartfólgin. En þá eru ótalin þau atvinnufyrirtæki, stór og smá, sem hann var við riðinn, svo sem h. f. Völnud á sínum tíma, fiskiveiðafél. Ísland o. fl. o. fl.

Í stjórn verzlunarskólans var hann einnig, og vann að efling hans á fyrstu árum þeirrar stofnunar. Og er hér aðeins skammt komið þeirri upptalningu, sem þyrfti, til að fá nokkurt yfirlit yfir hið fjölbreytta og margþætta starf, sem eftir þennan sívinnandi atorkunnar liggur.

Hvað var það þá, sem einkenndi þennan mann, sem fyrst og fremst varð til þess, að fátæka þitunum úr Hlíðarhúsum var falið hver trúnaðarstaðan annari meiri og ein hin vandastama, bankastjórnin 1904? Hvers vegna var eftir því sótt um áratugi hér í Reykjavík, að fá hann í stjórn félaga, eða sem endurskoðanda og umsjónarmann fyrirtækja? Eftir hinn langa starfsdag hans eru fjölmörgu svörin kunn.

Fráber samvirkusemi, reglusemi og árvekni einkenndi manninn alla hans daga. Hann lifði til þess að gera öðrum gagn, vann til þess að vinna fyrir aðra — og þá fyrst og fremst fyrir bæjar- og þjóðfélagið. Hvert

hlutverk sem hann tókst á hendur, varð honum hjartfólgið — smátt og stórt. Hann bókaftaflega sinni ádreitu um það, hve hart hann þurfti að ganga að sér, til þess að afkasta dagsverkinu, meðan heilsa og kraftar entust.

Samfara þessum eiginleikum hans var hann maður vinfastur með afbríðum. Hver sá, sem á annað borð eignaðist vinnu hans, gat vitað, að hann átti þar ávallt að mæta ástúð og umhyggju. — Kann sá, er þetta ritar, vel um það að dæma.

Sighvatur Bjarnason hafði séð miki umskifti í Reykjavíkurbæ — hann hafði fylgt framþróuninni hér og efnalegum framförum bæjarins flestum öðrum fremur. Á síðari árum, er hann smátt og smátt var að losa sig við ýms trúnaðarstörf, fann hann ót mjög til þess, að samfara hinum efnilegustu framförum, höfðu hér orðið allmiklar umbreytingar frá því sem áður var á hugsunarhátt og starfshátum manna, er eigi voru til bóta.—Hönu fanst singirni manna vera að vaxa hér öllu yfir höfuð, en áhugi fyrir almenningsheill lúta í lægra haldi.

Þetta var eðlilegt. Hann hafði sjálfur byggt líf sitt og tilveru á umönnun fyrir annara hag. Hann hafði blátt áfram oft gleymt sjálfum sér fyrir áhuga og almenningsheill. Þessi var einn meginþáttur í fari hans.

Vegna þess er æfisaða Sighvats Bjarnasonar tilvalin leiðbeining fyrir unga menn, sem áfram vilja og gagn gera, en í upphafi standa einmana, með tveir hendur tómar. Huggun hefði það mátt vera hönu á efrí árum hans, hve dæmi hans og lífsferill er fagar til eftirbreytni hinni upprenandi kynslóð.

Þann 29. okt. 1886 giftist Sighvatur Agústu Sigfúsardóttur prests Jónssonar frá Tjórn á Vatnsnesi og Undirfelli og Sigriðar Björnsdóttur Blöndal, sýslumanns í Hvammi. Þeim varð níu barna auðið. Tvö dóu ung. Tveir dætur mistu þau fullorðnar, Þorbjörgu, er gift var Magnúsi Péturssyni bæjarlækni, og Jakobinu, er gift var Georg Gíslasyni kaupm. í Vestmanneyjum. A lífi eru: Emma, gift Jóni Kristjánssyni lækni, Bjarni kaupmaður, Sigriður Trybom í Stokkhólmi, Ásta, kennslukona á Blönduósi, og Sigfús, er tekur við váttryggingarumboði því, er faðir hans hefir haft.—Mbl.

Breytingar jarðskorpunnar og hreyfingar landa.

Hreyfingar í jarðskorpunni hafa mjög dregið að sér athygli vísindamanna nú á síðustu árum. Menn hafa lengi vitað, að yfirborði jarðar, skiftingu hafs og lands o. fl., hafi verið öðruvísi háttað á fyrri jarðsögutímabilum en nú. En menn hafa ekki getað gert sér ljósa grein fyrir breytingunum, ekki getað gefið svör, sem fullnægðu vísindunum. Af jarðlögum og jurtagróðri hafa menn fundið, að lönd, sem nú eru aðskilin af stórhöfum, svo sem Afríka og Suður Ameríka, hafa áður legið saman, verið áföst hvort við annað. Þjóðverjinn Wegener kom fyrir nokkrum árum með skýringar fyrir þessu. Hann sagði, eins og reyndar aðrir höfðu haldið fram á undan honum, að löndin hvildu á undirlagi, sem væri miklu eðlisþyngra en þau væru

sjálf, og skifting láðs og lagar á yfirborðinu væri háð breytingum, sem yrðu á þessu undirlagi. Kenning hans var, að Ameríka væri að færast vestur á við, hefði áður verið áföst Evrópu og Afríku, en slitnað frá þeim, vegna þess að undirlagið hefði bifast, og héldi áfram að færast vestur á við. Og nú eru þessar kenningar hans taldar ógyggjandi. Nýjustu mælingar staðfesta það, að fjarlægðin vaxi milli Evrópu og Ameríku, þótt hægt fari. Grænland á, eftir þeim mælingum, að færast um 36 metra vestur á við á ári, og fjarlægðin milli París og Washington á að vaxa um 32 cm. á ári.

1928 kom út bók eftir svissneskan jarðfræðing, Rudolf Staub, "Der Bewegungsmechanismus der Erde," og koma þar fram nýjar skýringar á myndun landa og breytingum jarðskorpunnar. Hann hefir sömu skoðun og Wegener á því, að löndin fljóti eins og ofan á þyngra undirlagi, sem gefi eftir, svo að löndin verði hreyfanleg. Fjarlægðarnir á yfirborðinu myndist við það, að undirlögin hreyfast þannig, að á-

rekstur verður á yfirborðinu, svo að það þrýstist saman. Norður Ameríka, Evrópa og Asía hafa hvílt á einu, samföstu undirlagi, sem hallast hefir til suðurs og rekist á annað, sem bar


Kveikið á arinhlóðunum
Drepið kulda hrollinn að haustinu í húsunum með skærum og glóðum arineldi, af góðu Arctic Birki — ef óskað er flutt heim sagað og klofið. — Beztu eldiviðarkaup í bænum. Þessu til sönnunar simið eftir því til reynslu.
THE ARCTIC ICE & FUEL CO. LTD.
439 PORTAGE AVE.
PHONE 42321

TIMBUR KAUPID AF
The Empire Sash & Door Co., Ltd.
Birgðir: Henry Ave. East. Phone: 26 356
Skrifstofa: 5. gólf, Bank of Hamilton.
VERÐ GÆÐI ANÆGJA.

STUCCO sem ábyrgst er
The TYEE STUCCO WORKS gefur þér fimm ára ábyrgð á Tyee Stucco þegar notað er samkvæmt þeirra ráðleggingum.
Þó ábyrgðin nái aðeins til fimm ára, er auðvitað varan góð alla ævi þína.
Skrifið eftir nöfnum þeirra plastrara sem nota það samkvæmt þessari ábyrgð.
Tyee Stucco Works
ST. BONIFACE MANITOBA

Stofnað 1882 Lögðilt 1914
Hitað hafa heimili í Winnipeg síðan "82"
D. D. Wood & Sons, Ltd.
VICTOR A. WOOD President HOWARD WOOD Treasurer LIONEL E. WOOD Secretary
(Pítarnir sem öllum reyna að þóknast)
KOL og KÖK
Talsími: 87 308 Þrjár símálínur

We are Celebrating
With a Great Sale
Our 50 Years of Faithful Service and Value Giving — 1879 - 1929



Tomorrow will be a day to be remembered in our
Bed, Spring and Mattress Dept.

Take advantage of this Sale; reap the benefit of our years of service and experience. MAKE YOUR CHOICE EARLY and get the best values. Our goods are marked at Cash Sale prices, but you arrange to divide your purchase into CONVENIENT PAYMENTS. Goods not required immediately will be stored free of charge for future delivery.

Complete Bed Outfit
Simmons continuous post-beds, with solid steel decorated panel and upright fillers, heavy coil or non-sagging cable spring and Simmons all-cotton mattress. All standard sizes. Anniversary Sale Price **\$24.85**

Complete Bed Outfit
A real saving afforded in this combination outfit. Brown wood finish steel beds with attached cable springs and a good quality mattress covered in an attractive art ticking. Size 4.0 only. Special Anniversary Sale Price **\$17.85**

Complete Bed Outfit
A leading attraction of value combines a Simmons walnut steel continuous post bed with guaranteed coil spring and splendid all-felt mattress. All standard sizes. Complete outfit. Anniversary Price **\$19.85**

All-Cotton Mattress
A Parkhill product, Crown construction, built of heavy layers of resilient white cotton. These are encased in an attractive striped ticking and procurable in all sizes. Our Golden Anniversary Mattress **\$12.85**

Complete Bedroom Outfits
A saving opportunity to completely furnish that extra bedroom. This group includes a three-drawer walnut finish dresser, with neat shaped mirror, Simmons panel bed, with coil or cable spring and heavy, all-felt mattress, a pair of Simmons pillows and walnut finish bedroom chair. Complete Outfit. Anniversary Sale Price **\$57.50**

Plump Pillows
Enclosed in heavy striped ticking, these curled feather pillows are a good size, and well filled. Get your requirements of these early. Anniversary price, per pair **\$2.45**

Reliable Mattress
Built by Simmons, a mattress which we can fully recommend as one to give real comfort and satisfaction. A full weight mattress of white layer cotton with heavy roll edge and deep tufting. All standard sizes. Anniversary Price **\$19.85**

Couch and Mattress
Strongly constructed angle iron drop-side couches with cable fabric coil supported springs, and completed with a roll-edge cretonne covered mattress in a pleasing floral pattern. Anniversary Price **\$13.95**

Simmons Mattress, \$8.95
A splendid resilient all-felt mattress, encased in a good quality art ticking, evenly tufted and finished with heavy roll edge. All standard sizes. Anniversary Sale Price **\$8.95**

Enamel Bassinettes
An outstanding value, with deep sides and soft mesh spring. Complete with comfortable felt mattress. Anniversary Price **\$6.75**

You Too, May Use Our Exchange Dept. To Good Advantage
Trade in your old-fashioned furniture as part payment on new at these sale prices. Call our Valuator—86 667.

J.A. Banfield
The Reliable Home Furnishers
192 MAIN STREET — PHONE 86667
Store Hours: 8:30 a.m. to 6 p.m. Saturdays: 8:30 a.m. to 10 p.m.

MACDONALD'S Fine Cut
Bezta tóbak í heimi fyrir þá, sem búa til sína eigin vindlinga.
Gefinn með **ZIG-ZAG** pakki af vindlingapappír
15¢
HALDIÐ SAMAN MYNDASEDLUNUM